

Leiðbeiningar – Nemendur/Aðstandendur

Kennslu- og miðannarmat

Miðannarmat

Á hverri önn fer fram miðannarmat í Tækniskólanum. Kennarar gefa nemendum vitnisburð um stöðu þeirra í hverjum áfanga fyrir sig. Vitnisburðurinn byggir fyrst og fremst á því námsmati sem þegar hefur farið fram í viðkomandi áfanga.

Vitnisburður á miðannarmati er gefinn í bókstöfum:

- A = Ágætt. Nemanda gengur mjög vel.
- B = Í lagi. Nemandi hefur tök á efninu en má ekki slá slöku við.
- C= Ábótavant. Nemandi þarf að taka sig á til að ná áfanganum.
- X= Ekki forsendur til að gefa vitnisburð.

Mikilvægt er að minna á að miðannarmatið er hvatning til þeirra nemenda sem fá C að ganga af kappi í það að læra og leita aðstoðar hjá kennara eða námsráðgjafa til þess að skipuleggja námið í áfanganum. Þeir sem fá B eru hvattir til að slá ekki slöku við og helst að bæta árangurinn enn frekar. Þeir sem fá A eru hvattir til að halda áfram á sömu braut og gefa hvergi eftir.

Nemendur og forráðamenn þeirra geta skoðað niðurstöður miðannarmats í Innu. Ef spurningar vakna vegna miðannarmatsins eru forráðamenn hvattir til að hafa saband við viðkomandi kennara eða umsjónarkennara nemanda. Sjá nánar á [vef](#) skólans.

Kennslumat

Kennslumat fer fram á síðari hluta annar og birtist undir flípanum „Kannanir“ í [kennsluvef Innu](#). Nemendur svara spurningum um kennsluna í einstökum áföngum.

Spurningar eru sjö, sex krossaspurningar og ein opin spurning. Efst í spurningalistanum sést nafn áfangans og kennara. Sjá nánar á [vef](#) skólans.

